

TÆKNILEIÐBEININGAR FYRIR ÍBÚÐIR

Þegar íbúi flytur inn í íbúðina sína þarf að huga að tæknimálum. Íbúa er frjálst að koma með sitt eigið sjónvarp, útvarp, tölvu, spjaldtölvu eða síma/snjallsíma. Notkun á interneti er gjaldfrjál.

Uppsetning og tengingar

Starfsmenn Sólvangs eru ekki sérfræðingar að setja upp sjónvörp og veita ekki leiðsögn um slíkt. Leitið til seljenda sjónvarpsins eða ættingja sem er vel að sér í tæknimálum ef þið lendið í vandræðum með að finna stöðvar. Við erum ekki með tæknimann í húsinu til að leysa slík mál. Athugið að oft liggur orsökina á því að finna ekki t.d. RÚV, er að við leit á stöð kemur stöðin ekki endilega upp á rás 1.

Sólvangur ber ekki ábyrgð á skemmdum sem kunna að eiga sér stað á einkamunum, sjá nánar handbók SFV um hvað er innifalið í daggjaldinu.

Internet

- Þráðlaust gestanet (wi-fi) er í húsinu, en niðurhal á þungum skjölum, t.d. bíómyndum er óheimilt. Netsía lokar fyrir Netflix og óæskilegt efni.
 - Lykilorð inn á þráðlausa gestanetið er **solvangur**
- Athugið að þráðlausa netið (wi-fi) er oft lélegt inni á herbergjunum vegna þykkra veggja, það eru wi-fi sendar á göngum og í sameiginlegum rýmum. Best er að tengja tæki með ethernetsnúru í vegg. Ef aðstandendur vilja styrkja wi-fi inni á herbergjum skal óska eftir við hjúkrunarstjóra leiðbeiningum sem heita LEIÐBEININGAR TIL AÐ STYRKJA WIFI Í ÍBÚAHERBERGI – ÍBÚAR og sjá alfarið um uppsetningu á slíku. Kaupa þarf aukabúnað til slíks á eigin kostnað.



Svona líta ethernetinnstungur út. Notaðu þarf sérstakar ethernetsnúru úr tækjum í vegginnstungu.

- Íbúar sem eru með borðtölvur geta tengt þær við internetið með ethernet snúru í vegg.

Sjónvarp

- Hægt er að tengja sjónvarp inni í hverri íbúð tengt við loftnetsinnstungu í nýja Sólvangi en einungis Ethernetinnstunga í eldri byggingu. Túbusjónvörp eru óheimil vegna eldhættu og taka óþarfa pláss.

- Ef íbúi vill hengja flatskjá upp á vegg, þá er heimilt að bora í vegginn. Aðstandendur þurfa sjálfir að ganga frá því, koma með nauðsynleg tæki og þrifa eftir sig. Húsvörður Sólvangs getur ekki aðstoðað við uppsetningar á munum í einkaherbergjum íbúa. Athugið að veggurinn er steinveggur upp á borinn að gera.
- Tengið snjallsjónvörp með ethernetsnúru í vegg, vinsamlegast notið ekki wi-fi fyrir sjónvarpið, það er oft lélegt inni á herbergjum vegna þykkra veggja.
- Hafi íbúi áhuga á að vera með myndlykil frá Símanum eða Stöð 2 innan íbúðar, þá er það möguleiki á kostnað viðkomandi og aðstandendur sjá um að útvega slíkt. Sólvangur er með ljósleiðara frá Gagnaveitunni og internetið frá Vodafone sem þýðir að þeir sem vilja myndlykill frá Símanum þurfa að fá sérstakan myndlykil sem virkar fyrir þessa tæknilegu uppsetningu frá Símanum, svokallaður “myndlykill óháður neti”.

Sími

- Íbúar geta verið með svokallaða IP síma með eigin símanúmeri, hefðbundin innstunga fyrir síma er ekki til staðar. IP sími þýðir að innstungan er í gegnum ethernetneti eins og notað er við tölvur/snjallsjónvörp, það er ekki símatengi í herbergjunum. GSM sími er þó einfaldast.